

## Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2012.

Í dag 18. apríl 2012 var ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2012 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 15. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

### Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2012 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	845.781	825.801	916.054	891.678
Rekstrargjöld án afskrifta	735.281	693.184	764.184	718.627
Rekstrarniðurstaða án fjármagns liða	110.500	132.617	151.869	173.051
Afskriftir	-37.562	-37.217	-52.138	-49.752
Fjármagnsliðir	-61.993	-66.756	-95.280	-96.082
Rekstrarniðurstaða	10.945	28.644	4.451	27.217
Efnahagur samstæðu	Sveitarsjóður		Samantekið	
pr. 31.12.2012 í þús. k.r.	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrri ár	Ársreikningur	Fyrri ár
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir	2.003.547	1.948.683	2.185.392	2.124.488
Veltufjármunir	299.536	306.929	130.704	130.914
<b>Eignir samtals</b>	2.303.083	2.255.612	2.316.096	2.255.402
<b>Skuldir og eigið fé</b>				
Eigið fé	1.051.785	980.621	863.901	799.231
Skuldbindingar	209.859	204.158	209.859	204.158
Langtímaskuldir	846.727	845.373	1.013.490	999.810
Skammtímaskuldir	194.712	225.460	228.846	252.203
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	2.303.083	2.255.612	2.316.096	2.255.402

Sjóðsstreymi ársins 2012 í þús. kr.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	10.945	28.644	4.451	27.217
Veltufé frá rekstri	74.218	95.698	90.319	122.676
Handbært fé frá rekstri	52.587	69.698	66.826	96.676
Fjárfestingarhreyfingar	-24.335	-13.050	-38.097	-30.000
Fjármögnunarhreyfingar	-9.267	-24.990	-9.743	-34.000
Hækkun á handbæru fé	18.986	31.658	18.986	32.676

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	59,61%	58,99%	57,82%	56,41%
Framlög jöfnunarsjóðs	21,81%	21,19%	20,14%	19,63%
Aðrar tekjur	18,57%	19,90%	21,56%	23,73%
<b>Samtals</b>	<b>99,99%</b>	<b>100,08%</b>	<b>99,52%</b>	<b>99,77%</b>
Laun og launatengd gjöld	52,47%	54,87%	49,58%	51,88%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	1,35%	0,67%	1,24%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	33,12%	28,41%	32,60%	28,10%
Afskriftir	4,44%	4,51%	5,69%	5,58%
Fjármagnsliðir, nettó	7,33%	8,08%	10,40%	10,78%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>98,71%</b>	<b>96,54%</b>	<b>99,51%</b>	<b>96,34%</b>
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	1,29%	3,46%	0,49%	3,66%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
<b>Rekstur</b>				
Rekstrartekjur samtals:	760.593	742.627	823.789	804.763
Rekstrargjöld og fjármagnliðir:	750.752	716.867	819.786	780.200
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	9.841	25.760	4.003	24.463

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2012	2011	2010	2009
Eignir	2.071.118	2.050.556	2.072.818	1.788.583
Eigið fé	945.850	891.474	955.733	713.690
Skuldir og skuldbindingar	1.125.268	1.159.082	1.117.085	1.074.893
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahags	163.579	161.000		

Aðrar lykiltölur	2012	2011	2010	2009
Veltufjárlutfall	1,54	1,36	1,50	1,41
Eiginfjárlutfjall	45,67%	43,47%	46,11%	39,90%
Íbúatala 1.desember	1.112	1.108	1.100	1.090

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 916,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 845,8 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 764,2 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 735,3 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var jákvæð um 11,0 millj. samkvæmt ársreikningi en jákvæð um 4,5 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2012 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 863,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 1.051,8 millj. kr.

Rekstarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er jákvæð um 4,5 millj. kr. miðað við 47,7 millj. kr. tap á árinu 2011. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- a. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var jákvæð um 11,0 millj. 2012 miðað við 35,1 millj. kr. tap á árinu 2011. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til 17,2 milljónum kr. hækkun á útsvari miðað við fjárhagsáætlun. Einnig urðu fjármagnsgjöld lægri, þar sem verðbólga reyndist minni en áætlun gerði ráð fyrir. Einnig er jákvætt að tekjur eru að aukast hjá Stykkishólmsbæ A-hluta eða úr 764,7 millj. kr. árið 2011 í 845,8 milljónir króna árið 2012.
- b. Í öðru lagi er jákvætt að Hafnarsjóður var rekinn með u.þ.b. 3,1 millj. kr. hagnaði miðað við 1,0 milljón kr. hagnað árinu á undan.
- c. Í þriðja lagi skilar Fráveita 0,7 milljón kr. hagnaði miðað við 4,2 milljón kr. tapi á árinu 2011.
- d. Síðast en ekki síst þá hefur skuldahlutfall miðað við tekjur batnað milli ára og er komið niður fyrir 150% af skatttekjum.

Helstu fjárfestingarhreyfingar eru annars vegar sala á Ásklif 4a að upphæð 26,1 milljónir króna, hins vegar fjárfestingar að upphæð 64,4 milljónir króna og vegur fjárfesting í slökkvibíl að upphæð 13,6 milljónir, gatnagerð 13,3 milljónir, uppbygging kirkjugarðs 12,2 milljónir og nýtt hlutafé í Jeratúni að upphæð 7,6 milljónir þyngst.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmþéjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100